



## Víghóll

Samtök íbúa í Mosfellsdal

### Svar við erindi vegna Þingvallavegar í Mosfellsdal

Þann 13. júní barst Vegagerðinni ítrekun frá Víghóli sem eftirfylgni af fyrra erindi sem sneri að ástandi Þingvallavegar í gegnum þéttbýlið í Mosfellsdal.

Líkt og kom fram í erindu frá Vóghóli hefur Vegagerðin fengið verktaka til að sjá um lagfæringar á holum á Þingvallavegi. Ætla má að verktakinn sé búin með um helming vinnunar og er ráðgert að hann ljúki við lagfæringarnar seinni part vikunnar ef veður leyfir. Eftir að þeim lagfæringum lýkur er unnt að mála yfirborðsmerkingar á veginn aftur.

Síða 1/1

Hönnunarvinnu á tveimur hringtorgum í Mosfellsdal er ekki lokið en gera má ráð fyrir að henni ljúki þegar líður á árið. Hönnunarvinna hefur dregist þar sem meiri tími hefur ferð í endurhönnun á lögnum í samstarfi við Mosfellsbæ. Líkt og kom fram í svari Vegagerðarinnar við fyrra erindi er óvissa um fjármagn til framkvæmdanna þar sem að ekki liggur fyrir samþykkt samgönguáætlun. Í Samgönguáætlun 2024-2028 sem var ekki afgreidd á Alþingi og er því ekki samþykkt, voru framkvæmdir á hringtöginu við Laxnesveg ásamt undirgöngum á áætlun árið 2027. Gert er ráð fyrir að ný Samgönguáætlun verði til umfjöllunar á Alþingi haustið 2025 og mun Vegagerðin leggja áherslu á þetta verkefni og að það komi til framkvæmda árið 2027 líkt og fyrri áætlanir miðuð að. Unnið er að undirbúningi í samræmi við það í samstarfi með sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar.  
Bryndís Friðriksdóttir  
Svæðisstjóri höfuðborgarsvæðis

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær

+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is